

17) „framleiðendur í innbyrðis samkeppni“ eða framleiðendur „vara í innbyrðis samkeppni“: framleiðendur sem selja vörur sem notendur telja jafngildar eða hliðstæðar nýttjaleyfisvörum vegna einkenna þeirra, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.

11. gr.

1. Reglugerð (EBE) nr. 556/89 falli hér með úr gildi frá 1. apríl 1996.
2. Reglugerð (EBE) nr. 2349/84 verði áfram í gildi til 31. mars 1996.
3. Bannið í 1. mgr. 85 gr. sáttmálans gildi ekki um samninga sem eru í gildi hinn 31. mars 1996 og sem fullnægja kröfum reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 eða (EBE) nr. 556/89 vegna undanþágu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 1996.

12. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram reglulegt mat á beitingu þessarar reglugerðar, meðal annars með tilliti til andmælameðferðarinnar sem kveðið er á um í 4. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir lok fjórða árs eftir gildistöku hennar og meta á grundvelli hennar hvort æskilegt er að breyta henni.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1996.

Hún gildir til 31. mars 2006.

Þó öðlast ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar þessarar gildi 1. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

1. gr.

Í 6. mgr. 2. gr.:

a. Í stað „57.057 kr.“ kemur: 60.195 kr.

b. Í stað „79.077 kr.“ kemur: 83.426 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast þegar gildi. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð, nr. 32/2001, um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. mars 2002.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.